2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. júní 2001.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Sigríður Norðmann.

15. júní 2001 Nr. 439

REGLUGERÐ

um tollkvóta á grænmeti og niðurfellingu tolla.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0703.1001	Laukur	01.07.-31.12.01	ótilgr.	0	0
0703.1009	Skallottlaukur	01.07.-31.12.01	ótilgr.	0	0
0703.2000	Hvítlaukur	01.07.-31.12.01	ótilgr.	0	0
0703.9009	Annað	01.07.-31.12.01	ótilgr.	0	0
0704.2000	Rósakál	01.07.-31.12.01	ótilgr.	0	0
0704.9005	Fóðurmergskál (brassica oleraceaacepjala)	01.07.-31.12.01	ótilgr.	0	0
0704.9009	Annað	01.07.-31.12.01	ótilgr.	0	0
0705.1112	Jöklasalat á öðrum tíma	01.07.-31.12.01	ótilgr.	0	0
0705.1199	Annað (salat)	01.07.-31.12.01	ótilgr.	0	0
0705.1900	Annað	01.07.-31.12.01	ótilgr.	0	0
0705.2100	Kaffiffílfilsblöð	01.07.-31.12.01	ótilgr.	0	0
0705.2900	Annað	01.07.-31.12.01	ótilgr.	0	0
0706.9009	Annars	01.07.-31.12.01	ótilgr.	0	0
0707.0022	Reitagúrkur	01.07.-31.12.01	ótilgr.	0	0
0708.1000	Ertur (Pisum sativum)	01.07.-31.12.01	ótilgr.	0	0
0708.2000	Belgaldin (Vigna spp., Phaseolus spp.)	01.07.-31.12.01	ótilgr.	0	0
0708.9000	Aðrir belgávextir	01.07.-31.12.01	ótilgr.	0	0
0709.1000	Jarðartískokka	01.07.-31.12.01	ótilgr.	0	0
0709.2000	Spergill	01.07.-31.12.01	ótilgr.	0	0
0709.3000	Eggaldinjurtir	01.07.-31.12.01	ótilgr.	0	0
0709.5200	Tröfflur	01.07.-31.12.01	ótilgr.	0	0
0709.6001	Allrahanda (pimento)	01.07.-31.12.01	ótilgr.	0	0
0709.6009	Önnur (Chillepipar)	01.07.-31.12.01	ótilgr.	0	0
0709.7000	Spínat, Nýja-Sjálandsspínat og hrímblaðka	01.07.-31.12.01	ótilgr.	0	0
0709.9001	Sykurmaís	01.07.-31.12.01	ótilgr.	0	0
0709.9002	Kúrbítur (Courgettes)	01.07.-31.12.01	ótilgr.	0	0

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0709.9003	Ólífur	01.07.-31.12.01	ótilgr.	0	0
0709.9004	Steinselja	01.07.-31.12.01	ótilgr.	0	0
0709.9009	Annars	01.07.-31.12.01	ótilgr.	0	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgða-tollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júlí 2001 og gildir til og með 31. desember 2001.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. júní 2001.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Sigríður Norðmann.

Nr. 440 5. júní 2001

GJALDSKRÁ

fyrir hirðu og eyðingu sorps á Akranesi.

1. gr.

Bæjarstjórn Akraness er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald (sorphirðu-, flutnings- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið greiðist árlega sem hér greinir:

a) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 8.971 á íbúð, m.v. 240 l tunnu. Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.

b) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar kr. 12.490 m.v. 240 l tunnu (lágmarkseining á hvern matshluta fasteignar). Gjaldið skal innheimta með álagningu fasteignagjalda.

3. gr.

Leiga 660 lítra kerja er kr. 11.500 með vsk. á ári, kr. 958 á mánuði.

Leiga 1.100 lítra kerja er kr. 12.900 með vsk. á ári, kr. 1.075 á mánuði.

Verð er með virðisaukaskatti og tekur breytingum skv. byggingavísitölu í janúar ár hvert. (Grunnvísitala 225,6 stig).